

greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 2. október 1967.

Nr. 126/1967. **Haukur Pétursson h/f**
 gegn
Gjaldeimtunni í Reykjavík.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Haukur Pétursson h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 4. október 1967.

Nr. 87/1967. **Valdstjórnin**
 (Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
 gegn
X (Magnús Thorlacius hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og Hákon Guðmundsson yfirborgardómari.

Svipting lögræðis. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta ákvæði hans um lögræðissviptingu.

Samkvæmt 15. gr. laga nr. 95/1947 á allur kostnaður af málinu að greiðast úr ríkissjóði, þar með talin málflutnings-

laun talsmanns varnaraðilja í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Varnaraðili, X, er svipt lögræði, sjálfræði og fjárræði.

Allur kostnaður af málinu greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns varnaraðilja í héraði og fyrir Hæstarétti, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 30. marz 1967.

Ár 1967, fimmtudaginn 30. marz, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 111/1967: Ákæruvaldið gegn X, sem tekið var til dóms 16. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali saksóknara ríkisins, dagsettu 24. janúar s.l., „af valdstjórnarinnar hálfu samkvæmt heimild í 6. tölulið b, sbr. 2. tölulið 7. gr. laga nr. 95/1947 um lögræði, sbr. 4. tölulið 2. gr., sbr. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 82/1961 gegn X, ... í Reykjavík, fæddri 28. marz 1926 í Hafnarfirði, til sviftingar lögræðis (sjálfræðis og fjárræðis) vegna ofnautnar áfengis samkvæmt 3. tölulið 5. gr. nefndra laga nr. 95/1947 og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Málavextir eru þessir:

Með beiðni, dagsettri 16. desember s. l., fóru þau A, ... hér í borg, dóttir varnaraðilja, X, B, ..., og C, ..., systir hennar, og E, ..., mágur hennar, þess á leit við dóminn, að varnaraðili verði svipt sjálfræði vegna langvarandi óreglu og andlegrar vanheilsu, sem geri dvöl á geðspítala óhjákvæmilega. Í þinghaldi í sakadómi Reykjavíkur mánudaginn 19. desember s.l. fóru framangreindir aðiljar þess einnig á leit, að varnaraðili verði svipt fjárræði.

Framangreindri beiðni fylgdu vottorð læknanna Jakobs Jónasonar og Skúla Thoroddsens um varnaraðilja, bæði dagsett sama dag og beiðnin.

Segir í vottorði Skúla Thoroddsens á þessa leið:

„Fyrir um 1 viku var undirritaður konsulteraður í síma vegna X, ... í Reykjavík. Bauðst ég til að fara heim til hennar og gerði það um hádegisbilið sama dag. Bar heimilið vott um vanhirðu.

X var hálfsofandi og vildi ekki láta ónáða sig. Tókst mér þó með eftirgangsmunum að fá að skoða hana. Fann ég hnút í brjósti og þrýstieymsl yfir brjóstakassa, og var mér ekki grunlaust um, að eymsli þessi væru eftir högg, en engan marblett sá ég þó. Skildist mér, að um margra daga óreglu hefði verið að ræða hjá X, og byggist sú skoðun mín einnig á upplýsingum annarra aðilja, sem ég tel trúverðuga. Var ég mjög kvíðinn um framtíðarhorfur hennar, ef hún héldi áfram uppteknum hætti.

Hinn 14/12 1966 hringdi ég í X og hvatti hana til að leggjast inn á Borgarspítalann tafarlaust, en þar lá fyrir loforð um pláss. X tók því fjarri og virtist ekki hafa neinn skilning á heilsufarsástandi sínu. Fór ég um hádegisbilið sama dag að ..., en var ekki hleypt inn þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Hinn 14/12 um kl. 2100 tókst aðstandendum með miklum eftirgangsmunum að fá X til að leggjast inn í Borgarspítalann til rannsóknar, en áður en þessari rannsókn væri lokið, strauk X fáklædd af spítalanum um klukkan 1900 hinn 15/12 1966.

Þar eð X hefur ekki skilning á því, að hún þarfnist sjúkrahússvistar, en slíkrar vistar tel ég aðkallandi þörf, þá álít ég nauðsynlegt að svipta X tímabundið sjálfræði“.

Vottorð Jakobs Jónassonar er á þessa leið:

„Það vottast hér með, að X, f. 28/3 '26, Reykjavík, þarfnast vistunar á lokaðri deild vegna óhóflegs drykkjuskapar.“

Samkv. upplýsingum aðstandenda X hefur hún neytt áfengis í óhófi síðustu 2—3 mánuði og vanrækt heimili sitt og börn. Hinn 14. des. s.l. var ég kvaddur í skyndivítjun á heimili hennar, og var hún þá sýnilega langdrukkinn og öll vegsummerki á heimilinu báru vott um langvarandi drykkjuskap og vanrækslu. X var þá um kvöldið lögð inn á Borgarspítalann til bráðabirgða, en strauk af spítalanum daginn eftir.

Þar sem X hefur ekki skilning á hættum þeim, sem drykkjuskapur hennar hefur í för með sér gagnvart henni sjálfri og börnum hennar og hefur þar að auki hótað að farga sér, ber nauðsyn til þess að svipta hana sjálfræði og flytja hana á Kleppspítalann með aðstoð lögreglu“.

Lögræðissviptingarbeiðendur hafa allir mætt í dómi og staðfest beiðni sína. Auk þess hafa mætt af aðstandendum varnaaðilja til að bera vitni F, bróðir hennar, og G, tengdasonur hennar. Hafa vitni þessi bæði lýst því yfir, að þau væru því meðmælt, að varnaraðili verði svipt lögræði. Varnaraðili hefur mætt í dómi svo og eiginmaður hennar, H, ..., Kópavogi, og bæði mót-

mælt því, að lögræðisviptingarkrafan nái fram að ganga. Þá hafa báðir lækarnir, er að framan greinir, mætt og staðfest vottorð sín. Verður nú rakið það, sem fram hefur komið í framburðum þessum.

Varnaraðili, X, er alin upp hjá foreldrum sínum, I, . . . , og J, konu hans, sem bæði eru látin. Hinn 8. júní 1944 giftist hún fyrri eiginmanni sínum, K, . . . , og eignuðust þau 3 börn, A, sem ritar undir beiðnina, L, 15 ára að aldri, og M, 10 ára. K andaðist 15. ágúst 1965. Eftir það bjó varnaraðili áfram með börnum sínum og sat í óskiptu búi. Í janúar 1966 giftist A og fluttist þá í aðra íbúð í húsi því, er varnaraðili býr í. Eldri sonur varnaraðilja var farinn að heiman, áður en mál þetta kom til sögunnar, og yngri sonurinn fór af heimilinu, er varnaraðilja var ráðstafað á Kleppsspítala, eins og síðar mun rakið. Hinn 24. desember 1966, meðan á dvöl varnaraðilja á Kleppsspítala stóð, giftist hún síðari eiginmanni sínum, H, en fékk leyfi til lögskilnaðar frá honum 22. febrúar s. l. vegna líkamsárásar. Skilnaður þeirra varð þó eigi langvinnur, því að hinn 3. þ. m. giftist hún H að nýju. Hafa þau dvalizt að . . . í Kópavogi í húsi H, eftir að varnaraðili fór á brott af Kleppsspítala hinn 11. janúar s.l.

Vitnið A kveður lögræðisviptingarbeiðnina fram komna vegna langvarandi drykkjuskapar varnaraðilja, sem nú sé komið í algert óefni með, og sómuleiðis vegna andlegrar vanheilsu hennar. Þurfi varnaraðili af þessum sökum að dveljast á hæli eða sjúkrahúsi til lækninga, en á það hafi hún ekki viljað fallast, enda hafi hún engan skilning á ástandi sínu. Þá kveður vitnið vera hættu á því, að varnaraðili sói fé sínu vegna drykkjuskaparins og slæms félagsskapar og sé fjárræðisviptingarbeiðnin fram komin af þeim sökum. Vitnið kveður hafa farið að bera á drykkjuskap hjá varnaraðilja eftir lát manns hennar. Hefur drykkjuskapurinn stöðugt ágerzt, og er varnaraðili nú orðin alger drykkjusjúklingur. Drekkur hún oft dögum saman ásamt H. Vitnið kveður varnaraðilja hafa verið einu sinni á sjúkrahúsi vegna drykkju sinnar, en að öðru leyti hafi hún ekki fengizt til að leita sér lækninga. Varnaraðili hefur ekkert unnið utan heimilis. Vitnið kveður varnaraðilja hafa vanrækt uppeldi sona sinna. Hefur eldri sonurinn flúið að heiman, vegna þess að H hefur lagt hendur á hann.

Vitnið B kveður lögræðisviptingarbeiðnina fram komna vegna langvarandi drykkjuskapar varnaraðilja og andlegrar vanheilsu. Þurfi óhjákvæmilega að vista hana á geðsjúkrahúsi til lækninga

af þessum sökum. Þá kveður vitnið vera hættu á, að hún sói fjármunum sínum vegna drykkjuskaparins. Vitnið kveður andlát eiginmanns varnaraðilja hafa orðið mikið áfall fyrir hana. Tók að bera á drykkjuskap hjá henni eftir það, er hefur stöðugt ágerzt, sérstaklega eftir að hún fór að vera með H. Vitnið kveður varnaraðilja ekki hafa viljað fallast á að vera á sjúkrahúsi vegna drykkjuskapar síns, enda hafi hún engan skilning á ástandi sínu. Vitnið C kveður varnaraðilja hafa tekið að neyta áfengis í óhófi eftir andlát manns hennar. Hefur áfengisneyzla varnaraðilja stöðugt ágerzt, þannig að nú er svo komið, að hún er orðin alger drykkjusjúklingur og nauðsyn að koma henni á hæli af þessum sökum. Eins kveður vitnið bera nauðsyn til að svipta hana fjáræði til að hindra, að hún eyði eignum sínum í reiðuleysi.

Vitnið E kveður beiðnina fram komna vegna langvarandi óreglu varnaraðilja og andlegrar vanheilsu hennar. Varnaraðili hefur ekki viljað fallast á að vera á sjúkrahúsi af þessum sökum. Var henni ráðstafað á Borgarsjúkrahúsið, en eftir sólarhringsdvöl fór hún þaðan í óleyfi, íklædd sloppi einum ytri fata. Þá kveður vitnið eignir varnaraðilja geta verið í hættu vegna óreglu hennar og slæms félagsskapar. Synir varnaraðilja voru hjá henni eftir lát manns hennar, en eldri sonurinn hefur orðið að flýja heimilið vegna drykkjuskapar hennar og félagsskapar þess, sem hún hefur valið sér. Þá kveður vitnið hafa verið vanhirðu á yngri syni varnaraðilja. Dóttir varnaraðilja er gift og býr ekki á heimili hennar. Vitnið kveður varnaraðilja ekki hafa haft neitt starf á hendi utan heimilis. Vitnið kveður hafa farið að bera á drykkjuskap hjá varnaraðilja, eftir að eiginmaður hennar lézt. Hefur hann stöðugt ágerzt, og er nú svo komið, að varnaraðili er orðin alger drykkjusjúklingur. Auk þess er varnaraðili mjög þunglynd og hefur rætt um að svipta sig lífi. Tekur vitnið fram, að dómgreind varnaraðilja sé mjög ábótavant. Varnaraðili var á Sjúkrahúsi Hvítabandsins í nóvember árið 1965 til lækninga vegna drykkjuskapar. Var hún þá búin að drekka dögum saman, og var þetta gert til að stöðva drykkju hennar. Að öðru leyti hefur varnaraðili ekki verið undir læknishendi vegna drykkjuskapar síns. Vitnið var búin að biðja um viðtal fyrir varnaraðilja hjá geðlækni. Fór hún í biðstofu hans, en hafði ekki eirð í sér til að bíða þar. Nú er svo komið, að varnaraðili fæst ekki til að leita sér lækninga, enda hefur hún engan skilning á ástandi sínu.

Vitnið F kveður varnaraðilja hafa verið mjög drykkfellda upp á síðkastið og lent í slæmum félagsskap. Kveður vitnið ekki vera

um annað að ræða en koma henni á hæli til lækninga. Þá hefur eyðzt fé hjá henni vegna óreglu hennar. Hefur vitnið heyrt, að hún hafi tekið út úr sparisjóðsbók kr. 25.000.00, skömmu áður en það var yfirheyrt, og það fé hafi eyðzt hjá henni á einni viku. Vitnið kveðst því ekki sjá annað en svipta þurfi varnaraðilja fjárræði til að koma í veg fyrir, að hún eyði fé sínu í reiðuleysi.

Vitnið G kveðst hafa búið í kjallaraíbúð að ... síðan í febrúar á fyrra ári og því fylgzt nokkuð með varnaraðilja frá þeim tíma. Vitnið kveður varnaraðilja hafa drukkið mjög mikið áfengi frá framangreindum tíma. Kvað sérstaklega mikið að þessu síðustu 3 mánuði á fyrra ári, eftir að varnaraðili tók að leggja lag sitt við H. Hafa varnaraðili og H verið ölvuð flesta daga síðan, þótt runnið hafi af þeim dag og dag. Vitnið kveður nú vera komið í algert óefni með drykkjuskap varnaraðilja og þurfi að grípa í taumana. Vitnið kveður þau varnaraðilja og H hafa verið bæði erfið viðskiptis, og hefur það bitnað mjög á sonum varnaraðilja. Hefur eldri sonurinn orðið að flýja heimilið vegna barsmíða H. Drykkjuskapur varnaraðilja hefur leitt til þess, að íbúð hennar er í niðurníðslu. Hafa flestar hurðir verið sprengdar upp og húsgögn verið brotin. Sem dæmi um drykkjuskapinn nefnir vitnið, að frá því í sumar hafi ótal mörgum áfengisflöskum, jafnvel í hundraða tali, verið safnað saman um íbúðina og þær fluttar á brott. Vitnið kveðst mjög oft hafa orðið vart við ferðir leigubífreidda að húsinu. Vitnið kveður hljóta að eyðast mikið fé hjá varnaraðilja vegna drykkjuskapar hennar, enda veit það ekki til, að H eigi neitt fé. Vitnið kveðst hafa séð í sparisjóðsbók, sem varnaraðili hafði undir höndum, að 2. desember s.l. höfðu verið teknar út úr bókinni kr. 25.000.00. Vitnið veit ekki, hvað varð af peningum þessum, en kveðst ekki geta álitid annað en varnaraðili hafi eytt þeim, enda var hún stöðugt drukkin um þetta leyti. Vitnið kveður varnaraðilja hafa haft orð á því að svipta sig lífi. Í eitt skipti hringdi H í E, að sögn E, mjög miður sín og sagði, að varnaraðili hefði verið að hóta þessu. Vitnið kveður varnaraðilja hafa fengið antabus-töflur tvisvar að það veit til að hamla á móti áfengislöngun sinni. Í seinna skiptið drakk hún, á meðan á notkun lyfsins stóð, og varð fárveik af. Vitnið kveðst telja, að hælsvist sé nauðsynleg fyrir varnaraðilja vegna þess, hve hún er orðin langt leidd í drykkjuskap sínum.

Vitnið Jakob Jónasson kveðst auk afskipta þeirra, sem það hafði af varnaraðilja og frá er skýrt í vottorði þess, hafa átt tal við hana á Borgarsjúkrahúsinu. Viðurkenndi hún þar fyrir því

að hafa neytt áfengis í óhófi með H. Vitnið kveður E lækni hafa skýrt sér frá því, að H hafi komið á Borgarsjúkrahúsið undir einhvers konar áhrifum, daginn eftir að varnaraðilja var ráðstafað þangað. Vísaði yfirlæknir sjúkrahússins honum á brott, en hann kom síðar sama dag aftur, og fór varnaraðili þá á brott með honum.

Aðstandendur varnaraðilja létu flytja hana á Kleppsspítalann til lækninga mánudaginn 19. desember s.l. Áður en skýrt verður frá dvöl hennar þar og því, er gerðist, eftir að hún fór þaðan, þykir rétt að rekja nokkuð kærur barna varnaraðilja, þeirra A og L, á hendur H vegna líkamsárása, þar sem þær snerta mál þetta.

Að kvöldi sunnudagsins 27. nóvember s.l. var óskað eftir aðstoð lögreglunnar að ... vegna ölvaðs manns, er væri að berja heimilisfólk. Þegar lögreglan kom þangað, hitti hún fyrir heimilisfólkið á stigagangi hússins, og virtist það allt vera mjög æst. Þar var og H, og var hann mjög æstur og ölvaður. Segir í lögregluskýrslunni, að H muni hafa barið annan son varnaraðilja og hafi hann ætlað að kæra til rannsóknarlögreglunnar út af því. H var handtekinn og fluttur í fangageymslu lögreglunnar við Síðumúla.

Með bréfi, dagsettu 28/11 s.l., kærði A nefndan H fyrir líkamsárás á sig laugardaginn 26. sama mánaðar að ... Með bréfi, dagsettu sama dag, kærði L hann einnig fyrir að hafa ráðizt á sig 27. nóvember á sama stað.

Hefur rannsóknarlögreglan yfirheyrt þau A og L út af kærum þessum svo og H og varnaraðilja. A kveður H hafa ráðizt á sig eftir orðaskipti, sem hún hafi átt við móður sína í íbúð hennar. Kveður A hann hafa tekið á sér, hrint sér og fjarlægt sig úr íbúðinni. Hafi hún hlotið meiðsli í árás þessari, sem eigi eru þó veruleg. Framburðir H og varnaraðilja eru samhljóða um tildrög-in að framangreindum átökum. Kveða þau A hafa komið inn í íbúð varnaraðilja í umrætt sinn og viðhaft skammaryrði um H. Hafi hún þá verið beðin að hverfa á brott, en ekki sinnt því og hafi þá H að beiðni varnaraðilja fjarlægt hana með valdi úr íbúðinni.

L kveðst hafa farið upp í íbúðina til móður sinnar í umrætt sinn og verið að finna að við hana út af óreglu hennar undanfarið. Hafi hún og H verið bæði með áfengisáhrifum, er hann kom þangað. Eftir að orðaskiptin milli sín og móður sinnar byrjuðu, kveður hann H hafa ráðizt á sig, hrint sér og slegið sig, svo

að hann hafi hlotið nokkur meiðsli af. L kveður H hafa tvisvar áður ráðizt á sig á heimili sínu, þó án þess að áverkar hlytust af. H sé búinn að vera á heimili hans undanfarið, þrásinnis undir áfengisáhrifum og margoft hótað sér líkamsárásam. Þau varnaraðili og H hafa bæði viðurkennt að hafa verið með áfengisáhrifum í umrætt sinn, og kvað varnaraðili í skýrslu sinni það rétt, að þau væru búin að drekka nokkuð mikið undanfarið. Þau varnaraðili og H hafa hins vegar skýrt öðruvísi frá átökum þessum. Kveðast þau hafa verið að koma heim í umrætt sinn, en börn varnaraðilja hafi viljað varna þeim að komast inn í íbúðina. Hafi L ráðizt á H og orðið átök á milli þeirra. Kveðst H aldrei hafa lagt hendur á L, nema til að banda honum frá sér, en hann og A, systir hans, hafi eftir megni reynt að hindra veru hans í íbúðinni. Eins og áður greinir, fjarlægði lögreglan H úr íbúð varnaraðilja eftir átökin við L, og kveður varnaraðili það hafa verið gert gegn mótmælum sínum.

Áður en aðstandendur varnaraðilja létu færa hana á Kleppsspítalann, hafði verið beðið um aðstoð barnaverndarnefndar til að kanna aðstæður á heimili hennar. Kom starfsmaður nefndarinnar þangað í þessu skyni, og segir í vottorði hans, dags. 21. desember s.l., m. a. á þessa leið:

„Þegar ég kom á heimilið, var verið að flytja X sökum ofdrykkju á sjúkrahús (Borgarsp.). Eldhús, svefnherb. og bað báru með sér undangengna óreglu, og ægði öllu saman. Stofurnar hirðulausar, en umgengni þar eitthvað skárri“. Enn fremur segir í vottorðinu: „Einnig var staddur á heimilinu H, sem var all-drukkinn“.

Varnaraðili kom fyrst fyrir dóm hinn 21. desember s.l. á Kleppsspítala. Hún kvaðst eindregið mótmæla lögræðissviptingarbeiðninni, en vildi að svo stöddu ekki tjá sig um málsatvik.

Varnaraðili og H fengu útgefið leyfisbréf til hjónavígslu 22. desember s.l., og hinn 24. sama mánaðar gengu þau í hjónaband.

Varnaraðili var á Kleppsspítala til 11. janúar s.l., eins og áður greinir. Segir svo í vottorði Þórðar Möllers, yfirlæknis spítalans, um hana:

„Að ósk yðar, herra sakadómari, skal frá því skýrt, að X, f. 28. 3. '26, til heimilis . . . , var innlögð hér á spítalann 19. 12. '66 vegna absus alchoholi.

Sjúkdómsgreining spítalans er:

Psychopatia,

Inferioritas l. g. (levi gradu),

Absus alchholi.

X hvarf héðan af sjúkrahúsinu að eigin frumkvæði og án þess að gera vart um brottför sína 11. 1. '66 (sic), en hringt var í síma nokkru síðar til þess að láta vita, að hennar væri ekki von aftur“.

Varnaraðili mætti aftur í dómi hinn 9. febrúar s.l. og gaf þá skýrslu í málinu. Kveðst hún búa með eiginmanni sínum H að ... í Kópavogi.

Varnaraðili mótmælti því að hafa neytt áfengis í óhófi á s.l. ári. Kveðst hún hafa neytt einhvers áfengis, en það hafi ekki verið að ráði. Varnaraðili kveðst aldrei hafa þurft að leita sér lækninga vegna áfengisdrykkju. Hún var lögð inn á Sjúkrahús Hvítabandsins í nóvember 1965 af öðrum orsökum. Varnaraðili neitar að hafa eytt fé í óhófi.

Hún kveðst ekki vita, hve mikla fjárhæð hún hafi þurft á s.l. ári til eigin þarfa.

Varnaraðili tók fram í sambandi við vottorð Skúla Thoroddsens lækni, að hann hefði ekki komið á heimili hennar árum saman, þótt hann hafi verið heimilislæknir hjá henni, nema í það skipti, er í vottorðinu greinir, enda hafi hún ekki leitað neitt til hans. Þá tók varnaraðili fram í sambandi við vottorð Jakobs Jónassonar lækni, að hann hefði ekki komið á heimili hennar nema í eitt skipti og ekki að beiðni hennar. Varnaraðili mótmælir því, er í vottorði læknisins greinir, að hún hafi verið langdrukkinn. Þá skýrir varnaraðili frá því, að hafi verið um vanhirðu á heimili hennar að ræða, hafi það verið vegna lasleika, en ekki vegna drykkjuskapar. Þá neitar varnaraðili, að það sé rétt, er í framburði læknisins greinir, að hún hafi viðurkennt fyrir honum að hafa neytt áfengis í óhófi með núverandi eiginmanni sínum.

Varnaraðili kveður vistun sína á Kleppsspítalann hafa borið þannig að höndum, að hún hafi mætt hjá rannsóknarlögreglunni mánudaginn 19. desember s.l. ásamt eiginmanni sínum, H, vegna kæru barna sinna á hendur honum. Varnaraðili gaf fyrst skýrslu, en að því búnu fór eiginmaður hennar til yfirheyrslu. Á meðan varnaraðili beið eftir honum á ganginum í húsakynnum rannsóknarlögreglunnar, kom N, mágur hennar, og sagðist ætla að fara með hana á Kleppsspítalann. Færði hann varnaraðilja þang-að með aðstoð tveggja manna gegn mótmælum hennar.

Varnaraðili kveðst hafa farið á brott af Kleppsspítalanum hinn 11. janúar s.l. án samráðs við lækna þar. Kveðst hún hafa átt erfitt um svefn og liðið illa. Hafi það verið ástæðan til þess, að

hún fór á brott. Varnaraðili telur sig hafa beðið heilsutjón á Kleppsspítala, og kvaðst hún ekki vera búin að ná sér eftir dvölina þar. Varnaraðili tók engin lyf, á meðan hún dvaldist á spítalanum, að undanskildum krampapillum, sem hún tók fyrst, eftir að hún kom, eftir kröfu starfsfólks. Varnaraðili kveðst tvisvar hafa fengið bæjarleyfi, á meðan hún var á Kleppsspítala. Í fyrra leyfinu, hinn 24. desember, giftist hún H. Var fyrir giftinguna gerður kaupmáli, en samkvæmt honum verða allar eignir, sem koma í hlut hennar við skiptin á dánar- og félagsbúi fyrra manns hennar, K, og hennar, séreign hennar.

Varnaraðilja var gefinn kostur á að kynna sér framburði vitnanna í máli þessu.

Hún kvað framburð A, dóttur sinnar, meira og minna rangan.

Í sambandi við framburð B, systur sinnar, kvaðst varnaraðili vilja taka fram, að B geti ekki borið um drykkjuskap hennar, þar sem hún hafi verið búsett erlendis.

Þá tók varnaraðili fram, að C, systir sín, hefði komið einu sinni á heimili sitt, eftir að varnaraðili kynntist H, og hafi þá ekki verið um neina vínneyzlu þar að ræða.

Varnaraðili mótmælti framburði G, tengdasonar síns, um drykkjuskap sinn sem meira og minna röngum. Í sambandi við þann framburð hans, að hann hafi borið út ótal áfengisflöskur úr íbúð varnaraðilja, tók hún fram, að flöskur þessar hafi verið frá þeim tíma, er fyrri eiginmaður hennar var á lífi. Þá tók varnaraðili fram út af þeim framburði G, að hurðir hafi verið sprengdar upp að . . . , að hvorki hún né H hafi gert það.

Í sambandi við framburð F, bróður síns, tók varnaraðili fram, að hann hafi aðeins komið tvisvar á heimili sitt, eftir að hún kynntist H.

Varnaraðili mótmælti því, er greinir í skýrslu hennar hjá rannsóknarlögreglunni út af kæru barna hennar á hendur eiginmanni hennar, að þau H hafi drukkið nokkuð mikið undanfarið. Kveður varnaraðili sér hafa sézt yfir þetta, er skýrslan var lesin upp fyrir henni.

Varnaraðili tekur að lokum fram, að hún telji lögræðissviptingarbeiðnina fram komna, vegna þess að börn hennar hafi ekki getað sætt sig við, að H byggi með henni og kvæntist henni síðar. Enn fremur tekur hún fram, að E hafi hringt í séra Árelíus Níelsson, á meðan hann var að gefa þau H saman í hjónaband, og farið þess á leit, að hætt yrði við giftinguna. Kvað hann giftinguna ólöglega og heimtaði, að presturinn talaði við ráðuneytis-

stjórann í kirkjumálaráðuneytinu. Var þetta gert. Átti Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður tal um þetta við ráðuneytisstjórann að sögn varnaraðilja.

Eiginmaður varnaraðilja, H, hefur mætt sem vitni í máli þessu og mótmælt lögræðissviptingarbeiðninni, eins og áður greinir. Kveður vitnið beiðnina sprottna af afbrýðisemi eins og fleiri lögræðissviptingarbeiðenda, sem varnaraðili hafi reynzt bezt. Vitnið kveðst ekki sjá ástæðu til þess að skýra frá því, hvenær kynni þess og varnaraðilja hófust. Þau tóku hins vegar upp sambúð fyrstu dagana í október s.l., og kveðst vitnið hafa flutt á heimili hennar. Fljótlega eftir þetta heitbundust varnaraðili og vitnið, og var börnum varnaraðilja tilkynnt, að gifting stæði fyrir dyrum. Börn varnaraðilja tóku þessu ekki vel, og kveðst vitnið telja, að um afbrýðisemi hafi verið hjá þeim að ræða. Börn varnaraðilja vildu ekki alls kostar sætta sig við, að hún giftist vitninu. Kveður vitnið hafa komið til átaka tvisvar við börnin. Hafi þau átt upptökin að því, en það verið í varnarstöðu. Þessi sambúð varnaraðilja og vitnisins stóð fram til 19. desember s.l., er varnaraðili var færð á Kleppsspítalann. Vitnið kveður þau hafa neytt áfengis einstaka sinnum á heimilinu, á meðan á sambúð þeirra stóð, en aldrei í óhófi, og mótmælir vitnið því, að um drykkjuskap hafi verið að ræða hjá þeim. Sambúð varnaraðilja og vitnisins gekk í alla staði vel að öðru leyti en að framan greinir. Neitar vitnið því, að þau hafi nokkurn tíma brotið hurðir eða húsgögn í íbúðinni. Lögregla var kvödd þrisvar að ..., á meðan á sambúð varnaraðilja og vitnisins stóð. Vitnið veit ekki nákvæmlega um, hver kvaddi lögregluna þangað. Í fyrsta skiptið, sem lögreglan kom á staðinn, voru varnaraðili og vitnið að neyta áfengis, í annað skiptið höfðu orðið átök milli vitnisins og barna varnaraðilja, þar sem þau vildu ekki hleypa vitninu og varnaraðilja inn í íbúðina, og í þriðja skiptið var leitað fulltingis lögreglu til að koma varnaraðilja gegn vilja sínum á Borgarsjúkrahúsið. Í það skipti var brotin upp hurð í íbúðinni af fólki því, sem kom á staðin. Varnaraðili dvaldist einn sólarhring í Borgarsjúkrahúsinu, en þá sótti vitnið hana þangað að beiðni hennar. Mánudaginn 19. desember s.l. voru vitnið og varnaraðili kvödd til rannsóknarlögreglunnar til yfirheyrslu út af árásarmálinu, er að framan greinir. Á meðan á yfirheyrslu vitnisins stóð og varnaraðili beið eftir því, var hún handtekin og færð á Kleppsspítalann gegn eindregnum mótmælum hennar. Varnaraðili og vitnið voru gefin saman í hjónaband á aðfangadag, og framkvæmdi séra Árel-

íus Níelsson vígsluna. Vitnið kveður E hafa hringt til séra Árelíusar, á meðan á vígslunni stóð, og reynt að hindra, að hún næði fram að ganga. Var vígsluathöfnin stöðvuð á meðan. Varnaraðili fór alfarin á brott af Kleppsspítala hinn 11. janúar s.l., en ekki vill vitnið svara því, með hvaða hætti það bar að höndum. Upp frá því hefur varnaraðili búið hjá vitninu að ... í Kópavogi. Vitnið kveður varnaraðilja hafa neytt áfengis, á meðan á sambúð þeirra hefur staðið, en ekki í það ríkum mæli, að það telji nokkra þörf að svipta hana lögræði af þeim sökum og raunar fráleitt. Vitnið kveður varnaraðilja ekki hafa vanrækt heimili sitt vegna áfengisneyzlu.

Vitnið tók fram, að Skúli Thoroddsen læknir hafi viðurkennt fyrir sér í viðtali hinn 23. desember s.l., að hann hafi gefið út læknisvottorð um varnaraðilja fyrir orð E læknis. Kveðst vitnið líta svo á, að efni vottorðsins sé samkvæmt ósk E og verði að hafa hliðsjón af því.

Í þinghaldi hinn 11. febrúar s.l. lagði verjandi varnaraðilja fram vottorð, dagsett 10. sama mánaðar, undirritað af Einari Björnssyni æðstatemplar, um, að varnaraðili og eiginmaður hennar, H, hefðu gengið í stúkuna „Víking“ nr. 104 hinn 6. þess mánaðar.

Fimmtudaginn 16. febrúar s.l. fóru varnaraðili og eiginmaður hennar, H, á bifreiðinni R 7948, sem er eign bús varnaraðilja, áleiðis að Fossvogskapelli til að vera þar við jarðarför föður H. Var varnaraðili við stjórn bifreiðarinnar. Þegar að kapellunni kom, ók varnaraðili fyrst á mannlausa bifreið, er þar stóð, og síðan á dyr, er liggja inn í kapelluna. Varnaraðili sat undir stýri bifreiðarinnar, þegar lögreglan kom á staðinn, og eiginmaður hennar við hlið hennar. Lá hann með höfuðið á öxl varnaraðilja og virtist vera mjög máttfarinn. Varnaraðili virtist og vera mjög miður sín og ekki hafa fulla stjórn á hreyfingum sínum. Þegar hún stóð upp, kvað hún sig svima, og varð að styðja hana. Viðurkenndi hún að hafa tekið inn töluvert af pillum, sem þau hefðu fengið í lyfjabúð, skömmu áður en þau lögðu af stað. Kvaðst hún sjálf hafa tekið inn 4 pillur úr glasinu, en eigi vissi hún, hve margar eiginmaður hennar hefði tekið. Þegar á slysa-varðstofuna kom, missti eiginmaður varnaraðilja meðvitund og var fluttur í sjúkrabifreið á Landakotsspítala til nánari rannsóknar. Varnaraðili var með glas, er í voru 5 pillur. Í bifreiðinni fannst einnig pilluglas. Eigi kom fram, að varnaraðili eða maður hennar hefðu neytt áfengis í umrætt sinn. Í skýrslu sinni hjá

rannsóknarlögreglunni taldi varnaraðili sig hafa tekið 3 pillur úr glasi, er á stóð valíum, á leiðinni að kapellunni. Hún kvað orsök árekstrarins hafa verið þá, að þegar hún var að leggja bifreiðinni hjá kapellunni, hafi eiginmaður hennar fallið á öxl hennar og við það hafi sér fípað í akstrinum.

Í vottorðum Tryggva Þorsteinssonar læknis, dags. 10. þ. m., er skoðaði varnaraðilja og eiginmann hennar á slysavarðstofunni, segir á þessa leið:

„Þann 16. 2. '67, kl. 1600, kom X, til heimilis . . . , Reykjavík, hingað á Slysavarðstofuna. Með henni var maður að nafni H. Tveir lögregluþjónar færðu þau X hingað og höfðu tekið þau við akstur vegna gruns um, að þau væru undir áhrifum deyfilyfja. Þau játuðu að hafa tekið bæði meprobamat- og valíum-töflur.

X svaraði skýrlega spurningum. Hún virtist þó augljóslega undir áhrifum einhverra deyfilyfja. Göngulag var óstyrkt, röddin var drafandi og „ataktisk“. Almenn ástand var gott. Púls og blóðpr. eðlil. Engin ástæða þótti til að gera magaskolun. Augnskoðun og reflexar voru eðlilegir.

X fékk að hvíla sig hér á Slysavarðstofunni. (H var aftur á móti lagður inn á Landakotsspítalann). Sofnaði hún brátt, enda var hún stillt og viðmótsgóð. Um kl. 1830 fór hún frá Slysavarðstofunni í fylgd E læknis“.

„Þann 16. febr. 1967, kl. 1600, komu tveir lögregluþjónar með mann, sem kallaði sig H, til heimilis . . . , Kópav., hingað á Slysavarðstofuna. Með honum var einnig X.

Höfðu þau H verið á ferð í bíl, sem lögregluþjónarnir sáu ástæðu til að stöðva vegna kynlegs ökulags. H var með fulla meðvitund og svaraði adequad þeim spurningum, sem fyrir hann voru lagðar.

Hann gat ómögulega gengið óstuddur og virtist ekki hafa stjórn á fótum sínum. Röddin var óskýr, drafandi og þvogluleg. Sagðist H hafa verið á leið í jarðarför, en fengið sér róandi töflur áður. Heldur, að hann hafi tekið 9 töflur af meprobamati og nokkrar valíum-töflur á 10 mg. til viðbótar.

Blóðpr. var 105/70 og púls var 96/mín. Litarháttur var eðlil. Húð vel heit. Ekki sveittur. Pupillur voru þröngar og reageruðu treglega við ljósi. Hreyfingar á extremitetum voru ataktiskar.

H var lagður til á bekk, þegar hann kom. Ekki höfðu liðið nema fáar mínútur (mesta lagi 5 mín.), þegar hann var sofnaður djúp-

um svefni, sem engin leið var að vekja hann af. Ljósreflex hvarf svo til alveg.

Ekki þótti rétt að magaskola manninn í svo djúpri narcosu, og var beðið fyrir hann á lyfjadeild Landakotsspítalans.

Var H síðan tafarlaust fluttur þangað, og er Slysavarðstofunni ekki kunn afdrif hans“.

Laugardaginn 18. febrúar s.l. kl. 1450 hringdi O, kona E lækni, á lögreglustöðina í Kópavogi og óskaði skjótrar aðstoðar vegna líkamsárásar. Hélt lögreglan heim til þeirra og síðan eftir tilvísun E og konu hans að . . . Sögu þau lögreglumönnum, að varnaraðili hefði hringt í O úr íbúð eiginmanns síns, H, og beðið um aðstoð vegna misþyrminga, sem hún hefði orðið fyrir af hans hendi. Þegar lögreglan kom að . . . , var þar allt lokað, og var lögreglunni ekki hleypt inn. Tóku því lögreglumennirnir það til bragðs að spyrna upp ytri hurð og brjóta gler í millihurð, og komust þeir þannig inn í íbúðina. Segir í skýrslu lögreglunnar, hvernig þar var umhorfs, á þessa leið: „Er inn í íbúðina kom, var þar ófagurt um að litast. Ægði þar öllu saman. Var gólf og húsmunir þakið fataleppum, blaðarusli, sængurfatnaði, vindlingastubbum og öðrum óþrifaði, sem vart er hægt að lýsa með orðum“. Varnaraðili sat á stól inni í íbúðinni. Virtist hún vera mjög miður sín, blóðstorkin á vörum og framtönn laus í henni. Kvað hún eiginmann sinn hafa ráðizt á sig og barið sig. Óskaði hún eftir lögregluvernd vegna hugsanlegra ofbeldisaðgerða hans. Eiginmaður varnaraðilja var á staðnum. Var hann færður á lögreglustöðina í Kópavogi, en vegna ölvunar var ekki hægt að taka þar af honum skýrslu, og var hann því færður í fangaeymslu lögreglunnar í Reykjavík.

Varnaraðili skýrði lögreglunni í Kópavogi svo frá málsatvikum, að þau H hefðu búið saman síðan í október s.l. Hafi farið vel á með þeim, þar til eftir lát föður H, en hann var jarðsettur fimmtudaginn 16. febrúar s.l. Komust þau H ekki að jarðarför hans, eins og áður er rakið. Að kvöldi 17. febrúar kveður varnaraðili H hafa farið að rifja upp atburðinn, sem varð þess valdandi, að hann gat ekki verið við útförina, og kennt henni um. Hafi hann orðið alveg brjáláður og ráðizt á sig, slegið sig í andlitið, sparkað í sig og kastað í sig stól. Varnaraðili kveðst ekki hafa þorað að hringja á hjálp fyrr en daginn eftir, að hún hringdi á O. Kvaðst varnaraðili vilja slíta samvistum við H, þar sem hún óttist, að hann muni leggja hendur á hana, ef hún færi til hans aftur.

O hefur skýrt lögreglunni svo frá, að varnaraðili hafi hvíslað í símann, er hún hringdi, og sagt, að hún væri svo hrædd, að hún þyrði ekki að tala, en eiginmaður sinn væri búinn að berja sig svo, að hún væri bæði blá og blóðug. O hringdi á lögregluna, eins og áður greinir. Hún kvað sig og mann sinn mundu veita varnaraðilja alla þá aðstoð, sem þau gætu, en þau óttuðust, að þau fengju ekki frið fyrir manni hennar. Kveður hún það hafa komið fyrir, að H hafi haldið fyrir þeim vöku með símahringingum. S.l. nýjárnsnótt hafi sér og manni sínum ofboðið munnsöfnuður hans í símanum. Kveðst vitnið ekki hafa heyrt annað eins.

H skýrði lögreglunni svo frá, að hann hefði ekki lagt hendur á konu sína. Gaf hann þá skýringu á framburði hennar, sem hann fékk að heyra, að þegar hún hafi neytt áfengis að einhverju ráði, sé henni mjög gjarnt til að gera ýmis þau axarsköft, sem hún sjái eftir, þegar af henni sé runnið. Upptökin að átökunum milli þeirra í umrætt sinn kveður hann hafa verið þau, að hann hafi óttast, að hún mundi framkvæma eitthvað, sem hún sæi eftir, og því hafi hann varnað henni útgögu. Hafi hún þá ráðizt á sig og veitt sér sýnilega áverka á andlit með höggum og klóri. Við þau átök hafi hún slegizt utan í vegg eða húsgögn og sé það skýringin á áverkum þeim, sem hún sé með.

Samkvæmt vottorði Sverris Bergmanns, lækni á slysavardstofunni hér í borg, dags. 18. febrúar s.l., voru meiðsli varnaraðilja sem hér segir:

„*Andlit*: Á neðri vör eru tveir skurðir þaktir blóðstorku og undir þeim mikið mar. Í efri góm er laus framtönn, mjög aum átöku. Tönnin kann ekki aðeins að vera laus, heldur einnig með t. t. eymslanna einnig brotin. Það er ekki nánar kannað, en X vísað með það til tannlæknis, sem mundi um þetta atriði gefa endanlegt vottorð.

„*Útlímur*: Það eru dreifðir marblettir og fleiður víðs vegar á báðum handleggjum og ganglimum. Mest áberandi er stór marblettur (5×5 cm) á utan- og aftanverðum hægri upphandlegg og annar af svipaðri stærð á aftanverðu vinstra læri. Mikil eymsli eru á þessum stöðum, en ekki er grunur um beinbrot. X hefur mikil eymsli í vinstri framhandlegg, sem er áberandi bólginn. Segir hún eiginmann sinn hafa snúið upp á þennan handlegg, og hefur hún mikil eymsli við minnstu hreyfingar á þessu svæði.

X hefur einnig óþægindi í baki, en ekkert er þar að sjá eða finna. Hún neitar einkennum frá brjóst- eða kviðarholi, og eru þau svæði ekki skoðuð.

Fleira sérlegt er ekki að taka fram að svo stöddu“.

Á slysavarðstofuni undirritaði varnaraðili svohljóðandi yfirlýsingu:

„Ég undirrituð óska eftir, að lögreglan verndi mig fyrir eiginmanni mínum H“.

Að kvöldi þriðjúlagsins 21. febrúar s.l. var óskað aðstoðar að ... hér í borg. Héldu lögreglumenn þangað. Var þar kominn H inn í íbúð varnaraðilja, og óskaði E læknir eftir því, að hann yrði fjarlægður þaðan. H var áberandi ölvaður og var færður í fangageymslu lögreglunnar.

Eins og áður greinir, fékk varnaraðili leyfi til lögskilnaðar frá eiginmanni sínum, H, hinn 22. f. m., en hinn 2. þ. m. gengu þau í hjónaband að nýju.

Hinn 2. þ. m. úrskurðaði bæjarfógetinn í Kópavogi eftir kröfu borgarstjórans í Reykjavík eiginmann varnaraðilja, H, til að vinna af sér barnsmeðlagsskuld við borgarsjóð Reykjavíkur að fjárhæð kr. 91.369.82 á hælínu að Kvíabryggju, og skal vist hans á hælínu nema 7½ mánuði með vinnuskyldu.

Í þinghaldi í skiptarétti Reykjavíkur hinn 22. desember s.l. var lagt fram bréf frá Magnúsi Thorlacius hæstaréttarlögmanni, þar sem þess er farið á leit f. h. varnaraðilja, að dánar- og félagsbú K og hennar verði tekið til opinberra skipta, og í þinghaldi í skiptaréttinum hinn 9. janúar s.l. var þetta gert. Erfingjar lýstu því yfir, að þeir tækju ekki ábyrgð á skuldum búsins. Samkvæmt upplýsingum frá skiptaráðandanum, Unnsteini Beck, og Guðmundi Péturssyni hæstaréttarlögmanni eru eignir búsins sem hér segir:

- | | |
|---|----------------|
| 1. Hálf húseignin ..., að fasteignamati | kr. 129.750.00 |
| 2. Íbúð að Háaleitisbraut 36, kaupverð kr. 1.100.000.00, að fasteignamati ca. | — 100.000.00 |
| 3. Íbúð við Meistaravelli 11, kaupverð kr. 1.100.000.00, að fasteignamati | — 78.719.89 |
| 4. Bifreiðin R 7948, Opel Record 1964 | — 110.000.00 |
| 5. Innbú skv. mati | — 239.150.00 |
| 6. Á sparisjóðsbók nr. 80263 v/Samvinnubankann | — 36.637.73 |
| 7. Innstæða hjá Sveini H. Valdimarssyni skv. reikningsuppgjöri | — 11.018.20 |
| 8. Veðskuldabréf, útg. af Guðsveini Guðjónssyni 4. okt. 1957, að eftirstöðvum | — 9.333.31 |
| 9. Spariskírteini | — 500.000.00 |

10. Ófullnægður dómur á hendur Guðbjarti Pálsyni o. fl. Krafa þessi talin óviss, en gert var fjárnám fyrir henni í eignum Vátryggingafélagsins h/f kr. 2.273.325.00
11. Geymslukvittun Sparisjóðs Kópavogs fyrir veðtryggðum spariskírteinum ríkissjóðs, 84 að tölu, fjárhæðin samtals að nafnverði . . . — 650.000.00
12. Á sparisjóðsbók nr. 1930 við Sparisjóð Kópavogs — 7.514.49
13. Á sparisjóðsbók við Samvinnubanka Íslands h/f — 610.00
14. Vixill, samþykktur af Steinverki h/f, og meðfylgjandi tryggingarbréf í Hraunbæ 98 . . . — 218.000.00
15. Vixill, samþykktur af Svani Þór Vilhjálmssyni — 1.690.00
16. 2 veðtryggð spariskírteini 1964, 2. fl., hvort að fjárhæð kr. 10.000.00 — 20.000.00
17. Innstæða á ávísanareikningi nr. 80 v/Samvinnubakann — 11.898.87

Þá hefur talsmaður varnaraðilja talið, að búið ætti 80.000.00 kr. hjá A, einni af erfingjunum í búinu. Þessu hefur talsmaður A mótmælt, en tekið fram, að A hafi fengið hjá skrifstofu sinni kr. 25.000.00 eftir beiðni varnaraðilja.

Sveinn Haukur Valdimarsson hefur getið þess, að enn sé ólokið nokkrum málum, sem hann hafi tekið við eftir lát K og e. t. v. eigi búið einhverja hlutdeild í málskostnaði úr þeim málum, þegar þar að kemur.

Samkvæmt upplýsingum frá Guðmundi Péturssyni eru skuldir búsin, eftir því sem best verður vitað, þessar:

1. Veðskuldir, ca. kr. 480.000.00
2. Skattar, álagðir á árinu 1966, ca. — 250.000.00
3. Skuld við Samband ísl. samvinnufélaga — 50.000.00
4. Skuld við málflutningsskrifstofu Einars B. Guðmundssonar, Guðlaugs Þorlákssonar og Guðmundar Péturssonar skv. reikningsuppgjöri . . . — 128.860.64
5. Ógreiddur málskostnaður v/dómskuldar, sbr. 10. lið, ca. — 130.000.00

Í bréfi Guðmundar Péturssonar segir um tekjur varnaraðilja, að hún hafi fengið greiddan ekkjulífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins, en hve mikið, sé eigi vitað. Einnig hafi hún fengið greitt úr lífeyrissjóði Sambands ísl. samvinnufélaga, en hve mikið, viti hann eigi. Skrifstofa Guðmundar Péturssonar hæstaréttarlög-

manns hefur veitt móttöku húsaleigugreiðslum til nóvemberloka 1966 að fjárhæð kr. 162.000.00. Þar af hefur varnaraðili fengið sjálf útborgað kr. 52.000.00. Mismunur á húsaleigu og úttekt hefur gengið í endurbætur á húsum og lóð og greiðslur á lánum. Hefur það ekki hrokkið til, eins og áður kemur fram, sbr. skuld búsins við skrifstofuna. Í bréfi Guðmundar Péturssonar hæstaréttarlögmans segir og, að samkv. uppgjöri Sveins H. Valdimarsson hæstaréttarlögmans hafi hann greitt til varnaraðilja beint og inn á sparisjóðsbækur, sem eru í vörzlu hennar, samtals kr. 165.000.00, en þessar greiðslur munu vera vegna ólokinna verkefna, sem K hafði undir höndum.

Samkvæmt sakavottorði varnaraðilja hlaut hún í sakadómi Reykjavíkur með dómi 20/12 1965 10 daga varðhald fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga og var svipt öku-leyfi í 1 ár.

Áður en lögræðissviptingarmál þetta var tekið til dómsálagningar, var varnaraðilja tjáð, að löfræðissviptingarbeiðendur hefðu gefið í skyn, að þeir mundu fyrir sitt leyti ekki óska frekari aðgerða í því, vildi hún fallast á að fara til dvalar á hæli erlendis í allt að 6 mánuði, sbr. 3. tl. 11. gr. laga nr. 39/1964. Varnaraðili kveðst ekki vilja á þetta fallast.

Með tilvísun til þess, sem að framan hefur verið rakið, þykir sannað, að varnaraðili sé vegna ofnautnar áfengis ófær um að ráða högum sínum og fé. Ber því að taka framkomna kröfu til greina og svipta hana lögræði (sjálfræði og fjárræði), sbr. 3. tl. 5. gr. laga nr. 95/1947, enda gera aðrir annmarkar í fari hennar, er í vottorði Þórðar Möllers yfirlæknis greinir, lögræðissviptingu enn brýnni af framangreindum orsökum.

Varnaraðilja ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmans, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Varnaraðili, X, skal svipt lögræði (sjálfræði og fjárræði).

Hún greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmans, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.